



Morgunblaðið, 09.10.2021, síðu 46  
grein stærð: 154.12 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 9.99 sm

# Rýnt frá ólíkum sjónarhornum

## ● Málþing haldið í tengslum við sýninguna Iðavöllur

Málþing verður haldið í dag frá kl. 13 til 15.30 í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi í tengslum við sýningu sem þar stendur nú yfir og nefnist *Iðavöllur: Íslensk myndlist á 21. öld*.

„Markmiðið með málþinginu er að rýna í umgjörð og inntak sýningarinnar, verk hennar og viðfangsefni frá ólíkum sjónarhornum. Framsögumenn munu leitast við að greina ýmsa samfélagslega, pólitíska og/eða stofnanalega þætti sem túlka má út frá stærra samhengi hennar, og spyrja hvort og þá hvernig sýning á verkum samtímalistamanna getur afhjúpað heimsmynd okkar tíma, líkt og titill sýningarinnar vísar til,“ segir í tilkynningu um málþingið sem hefst með ávarpi Ólafar Kristínar Sigurðardóttur safnstjóra og því næst flytur Markús Þór Andrésson, deildarstjóri sýninga og miðlunar í safninu, inngang og kynningu.

Erindi flytja svo Jóhannes Dagsson, dósent í myndlistardeild LHÍ; Hanna Styrmisdóttir, prófessor í sýningagerð við LHÍ, og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, doktorsnemi í safnafræði. Eftir kaffihlé fara fram pallborðs- umræður sem Kristín Dagmar Jóhannesdóttir stýrir. Í umræðunum taka þátt listamennirnir Anna Júlía Frið-



Morgunblaðið/Eggert

### Í Hafnarhúsi Gestir á myndlistarsýningunni Iðavöllur.

björnsdóttir, Bjarki Bragason og Páll Haukur Björns-son. Aðgöngumiði á safnið gildir á málþingið og þarf að skrá sig á vef safnsins. Frítt er inn fyrir handhafa árs-korts Listasafns Reykjavíkur og menningarkorts Reykjavíkur.